

Earth Check Vottunin

Minnisblað um stöðu og möguleika



Unnið af Hjörleifi Finnssyni
verkefnastjóra fyrir Fjórðungs-
þing Vestfirðinga haust 2023.

Earth Check vottunin (EC) tekur til sjálfbærni áfangastaða og vottar því Vestfirði sem sjálfbæran áfangastað. Í kerfinu felst víðtækt stefnumótunar- og gæðakerfi sem tekur til umhverfislegra, félagslegra og efnahagslegra þátta.

Viðurkenning fæst eftir að skilað er inn gögnum og þau svo tekin út af vottunaraðila á vegum EC. Kerfið gengur m.a. út á að bæta sig í viðmiðunarþáttum, og ef það tekst mörg ár í röð hækkar viðurkenningin (Vestfirðir fóru úr bronsi yfir í silfur eftir 4 ár).

Staða verkefnisins á Vestfjörðum

Forsaga

Undirbúningur fyrir EarthCheck hófst á Vestfjörðum árið 2010, þegar það var ákveðið á haustþingi fjórðungssambandsins og síðar falið Vestfjarðastofu. Bronsvottun fékkst 2013 og 2016 silfur. Árið 2020 færðist verkefnisstjórnin frá Vestfjarðastofu til NAVÉ (ásamt starfsmanni, Mariu Maack), en upp úr áramótum 2022 og 2023 afsalaði NAVÉ sér verkefninu aftur til Vestfjarðastofu. Þá hafði ekki verið skilað inn gögnum á vef EC í tvö ár og efasemdir komu fram, m.a. frá Ísafjarðarbæ, um gildi verkefnisins. Tvö sveitarfélög vildu ekki skila inn gögnum fyrir árið 2022, m.a. vegna óvissu um framtíð verkefnisins.

Núverandi staða

Þrátt fyrir að hafa ekki skilað inn gögnum á skilavef EC fengu Vestfirðir Vottun 2022 fyrir árið 2019. Þótt nú vanti þrjú ár á skil, mun EC þó líklega ekki krefja um skil á gögnum nema fyrir 2022. Sem stendur eru flest gögn úrelt og eftir er að fá viðmiðunargögn frá tveimur sveitarfélögum fyrir 2022. Eftir er að skipa í Framkvæmdaráð (9 fulltrúar sveitarfélaga) og þriggja manna grænt teymi sem á að vera Verkefnastjóra til aðstoðar virðist ekki til staðar. Þó er líklega alvarlegast, að þekkingin á verkefninu, framkvæmd þess, kostum og göllum virðist vera horfin, vegna örra mannaskipta í stöðu verkefnastjóra, sem og hjá Sveitarfélögunum. Við bætist að töluverð óánægja er hjá flestum sveitarstjórum í fjórðungnum með kerfið (sbr. ókostir hér til hliðar). Að mati verkefnastjóra er verkefnið

Tilgangur Earth Check

- Til að draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfið
- Til þess að efla stjórnun og gæði (gæðastjórnun)
- Til að spara í rekstri
- Til þess að skapa jákvæða ímynd og markaðslegt forskot
- Til þess að uppfylla væntingar kjósenda um að umhverfismálum sé sinnt

Ókostir Earth Check

- Flókið kerfi sem erfitt er að skilja, sem og tilganginn með því
- Ekki hægt að samræma það bókhaldskerfum sveitarfélaga svo vel sé
- Engin sýnilegur árangur
- Grænþvottur, því eftirliti er ábótavant og sveitarfélög skila óáræðanlegum gögnum
- Ófullnægjandi eftirlit af hálfu EC

Því sem næst á byrjunarreit þar sem byrja þyrfti á að þjálfar starfsmenn, ráð og nefndir.

Líklegar ástæður núverandi stöðu

Ástæður slælegs árangurs af verkefninu má rekja til margra samverkandi ástæðna að mati verkefnastjóra:

- Innleiðingu í upphafi var ábótavant, starfsmenn og íbúar sveitarfélaga náðu aldrei að tengja við kerfið og gera það að sínu. Þar með varð það aldrei að því fjölþætta gæðakerfi sem er forsenda þess að það virki
- Ákveðinn kerfislægur vandi verður til þegar níu sveitarfélög, hvert með sína lögbundnu stefnumótun, eiga að setja sér og ná markmiðum sameiginlega. Ekki var skýrt hver var ábyrgur fyrir hverju (mögulega hefði gengið betur í einu sameinuðu sveitarfélagi)
- Ör mannaskipti
- Ekki var nægur pólitískur vilji til að tryggja verkefninu framgang eins og þurfti
- Of langt varð á milli sveitarfélaganna og NAVE, og þótt þeir séu sérfræðingar í umhverfismálum eru þeir ekki sérfræðingar í rekstri og stefnumótun sveitarfélaganna
- Verkefnið hefur ekki verið nægjanlega fjármagnað

Möguleikar í stöðunni

Flestir sveitarstjóra sem verkefnastjóri talaði við mátu það svo að annaðhvort þyrfti að setja verulega aukin kraft í verkefnið eða hætta því. Verkefnastjóri er sammála því mati eftir nokkuð ítarlega skoðun, hér eru frekari útfærslur á því.

Valkostur 1. Hætta í Earth Check

Einföld leið sem sparar strax 5 miljónir á ári, sem hægt væri að nota í annað t.d. í það að innleiða önnur umhverfisstjórnunarkerfi. Ókostur þessarar leiðar er hinsvegar sá að í honum felst ákveðin uppgjöf og metnaðarleysi sem er í ósamræmi við þá gríðarlegu hagsmuni sem felast í umhverfis- og gæðastjórnunarkerfi sem virkar. Þessi kostur þó töluvert betri en óbreytt ástand. Einnig munu sveitarfélögin ekki komast hjá því að halda „grænt bókhald“ í tengslum við lögbundin verkefni eins og loftslagsstefnu og svæðisáætlun um úrgang.

Valkostur 2. Endurinnleiða Earth Check

Flóknari leið sem krefst víðtækrar pólitískrar samstöðu og aukins fjármagns. Á Snæfellsnesi eru 4 sveitarfélög sem sameiginlega reka samstarf um Earth Check vottun, og til þess starfsmann hjá náttúrustofu Vesturlands í 80% starfi. Umfangið er því líklega töluvert meira á Vestfjörðum og því kostnaður gróflega áætlaður 12-15 miljónir króna fyrir manneskju í fullu starfi. Leyfisgjöld EC eru ekki veruleg eða innan við 500 þús kr. á ári. Sveitarfélögin, a.m.k. þau stærri yrðu mögulega einnig að ráða til sín starfsmenn, eða breyta hlutverkum þeirra, svo innleiðing yrði tryggð. Þessi leið væri metnaðarfullri. Kostur þessarar leiðar, er að hana er hægt að samþætta við ýmis önnur verkefni sem sveitarfélögin komast ekki hjá að glíma við á næstu árum, s.s gerð loftslagsstefnu, svæðisáætlunar um úrgang og umbætur í fráveitumálum. Þetta er að mörgu leyti besta leiðin, en hún er þó enn óviss með árangur.

Valkostur 3. Gefa smávegis í

Afstaða EC þegar verkefnastjóri þar ymsar vanefndir Vestfjarða gagnavart EC undir fulltrúa hans, er að flest megi leysa í sameiningu og þeir verði seinþreyttir til vandræða. Þessi sveigjanleiki gefur kost á því að halda áfram með lítið breytt sniði. Þessi kostur er sístur, að mati verkefnastjóra, þar sem hann mun ekki leysa þau vandamál og þá óánægju sem þegar eru til staðar.

Dæmi um önnur umhverfisstjórnunarkerfi

- Tvö önnur vottunarkerfi votta sjálfbærni áfangastaðar Green Destinations og Vireo (viðurkennd af GSTC)
- Grænu skrefin
- Bláfánar og EPI fyrir hafnir
- ISO14001 (hægt að láta votta)

Árangur EC hingað til

- Skapar betri ímynd Vestfjarða þrátt fyrir mögulega umræðu um grænþvott
- Var ein af forsendum Lonley Planet til að velja Vestfirði sem „Best Region“ 2022
- Hefur smávegis umhverfislegt aðhald á sveitarfélögin í rekstri sínum